



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um stöðu tillögu Flokks fólksins um að innleiða verkefnið Kveikjum neistann**

Á fundi borgarráðs, 27. október 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

*Flokkur fólksins lagði fram tillögu í borgarráði um verkefnið Kveikjum neistann 18. ágúst 2022 og var henni vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs. Lagt var til að að verkefnið Kveikjum Neistann verði innleitt í grunnskólum Reykjavíkur í samráði við skólasamfélagið þar sem það hefur sýnt einstaklega skýrt að það er að virka og er skemmst að vísa til reynslunnar í Vestmannaeyjum. Hvenær er að vænta svars/umsagnar og afgreiðslu þessarar tillögu?*

**Svar:**

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði frá 18. ágúst 2022 um verkefnið Kveikjum neistann var afgreidd í skóla- og frístundaráði 7. nóvember 2022.